

Alsherjar og menntamálanefnd Alþingis

946. mál, lagafrumvarp

153. löggjafarþing 2022–2023.

11.05.2023

Bogveiðifélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til endurskoðunar á vopnalögum.

Bogveiðifélag Íslands gerir alvarlegar athugasemdir að hagsmunaaðilar hafi ekki verið hafðir með í samráði við vinnu á þessu frumvarpi þrátt fyrir mörg boð og ítrekuð samskipti við ráðuneytið þess efnis og að ráðuneytið sjálft hafi óskað eftir tillögum frá Skotvís og Bogveiðifélag Íslands.

Bogveiðifélag Íslands gerir einnig alvarlegar athugasemdir við þann stutta tíma sem veittur er til umsagnar um svo umfangsmikið frumvarp.

Ljóst er að frumvarp þetta sem nú er til umsagnar er mun strangara og flóknara en lög t.d. norðurlandanna sem nú þegar hafa uppfært lög við innleiðingu ESB löggjafar frá 2021.

Bogveiðifélag Íslands gerir athugasemdir við uppsetningu á frumvarpi að það sé ekki sett upp miðað við greinar núverandi laga heldur er frumvarpinu stillt upp sem greinum með tilvísun í greinar í vopnalögum. Það skapar rugling við yfirferð á frumvarpi.

Í frumvarpi þessu er í ítrekað talað um nánar **tilgreint í reglugerð**. Ein aðal ástæða ýmissa vandamála í dag í sambandi við vopnalögin má einmitt að rekja til reglugerða, síbreytilegra vinnureglna og ákvarðanna embættismanna. **Ekki er ljóst að frumvarpið minnki það flækjustig.**

Bogveiðifélag Íslands gerir miklar athugasemdir við að 30 gr vopnalaga F. Liður og 31 gr séu ekki tekin einnig til skoðunar þar sem einmitt er verið að tala um í frumvarpi sé verið að samræma við reglugerðir ESB. En bogi, Ör, allir örvaroddar og annar búnaður tengdur bogum er ekki leyfis eða skráningaskyldur og ef við lítum á norðulöndin þá er bogi og allt sem þeim fylgir ekki leyfis eða skráningarskyld.

31gr laga hamlar afrekstarfi ungmenna í bogfimi á Íslandi þar sem að jafnaðrar í Evrópulöndum eru ekki með neinar dragþyngdar takmarkanir á bogum sínum háð aldri.

Bogveiðifélag Íslands leggur til að F liður 30 greinar vopnalaga verði breytt. Slöngubyssur gerða löglegar til samræmis við Evrópulöndin þar sem hægt er að fara nánast í næstu sportvöruverslun og versla sér og að Lásbogi verði settur undir B leyfi Skotvopnaleyfis þar sem þeir eru framleiddir með raðnúmeri og því hægt að skrá þá og notkun leyfð á skotvöllum til jafns við riffla saman ber eins og er gert í Svíþjóð

31.g breytist í heimilt sé að selja og eiga allar gerðir af Trissubogum, Sveigbogum og langbogum ásamt öllum aukahlutum svo sem, örvum öllum gerðum af örvaoddum óháð notkun til samræmis við Norðuðrlöndin.

Bogveiðifélag Íslands er hagsmunaðili bogaeigenda á Íslandi og hefur verið það frá stofnun þess og hefur ráðuneytið í gegnum samskipti viðurkennt það. Bogveiðifélag Íslands hefur því ítrekað í gegnum árin frá stofnun þess 2011 óskað eftir að 30. Gr F liður vopnalaga verði tekin til skoðunar en án árangurs. Þrátt fyrir að vilji var til þess í frumvarpi vopnalaga sem var lagt fram á vörþingi 2013 þá var lagt til að bogar og allt sem þeim tilheyrir yrðu teknir úr vopnalögum og leyfðir til jafns við norðurlöndin.

Bendum einnig á að 14 reglugerðar um bogaeigna er ólögleg og gerði umboðsmaður alþingis athugasemd við ráðuneytið vegna þess haustið 2012 en þar sem átti að leggja fram breytingar um bogaeign í frumvarpi um vopnalög 2013 þá var ekkert frekar gert í málinu en vegna alþingiskostninga þá fékk frumvarpið ekki brautargöngu og hefur því ekkert skeð í 10 ár og er þessi reglugerð því enn ólögleg en sammælt var um breytta vinnureglu vegna þessa sem og 31gr vopnalaga um takmörkun á dragþyngd ungmenna þar til breyting næðist í gegn.

Að öðrum greinum í frumvarpinu sjálfu sem er lagt fram þá styðjum við og tökum undir athugasemdir Skotvís.

Óskum við eftir að koma fram fyrir nefnd til að fara betur yfir þessi mál sé þess kostur.

Virðingafyllst stjórn

Bogveiðifélag Íslands

